

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. nóvember 2004 2004100327
G-ums 08/04

Umsögn um 6. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt.

Í bréfi dagsettu 20. október 2004 óskar efnahags- og viðskiptanefnd eftir umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, 6. mál. Fer hún hér á eftir.

Í frumvarpinu er lagt til að lægra þrep virðisaukaskatts, sem nú er 14%, verði lækkað í 7%. Hlutfall þetta tekur til matvöru eins og aðalumfjöllunarefni greinargerðarinnar gefur til kynna en nokkrar aðrar tegundir vöru og þjónustu falla einnig í lægra virðisaukaskattsþrepíð skv. 14. gr. núgildandi laga um virðisaukaskatt. Í frumvarpinu er lagt til að virðisaukaskattur á þeim lækki einnig niður í 7% til að koma í veg fyrir að virðisaukaskattsþrepunum fjölgi og kerfið verði of flókið.

Lækkun skatthlutfalls eins og lögð er til í frumvarpi þessu er að sjálfsögðu fyrst og fremst pólitísk ákvörðun, en snertir skattframkvæmd engu að síður verulega. Ríkisskattstjóri vísar til þess sem fram kemur í umsögn ríkisskattstjóra um 6. mál á 130. löggjafarþingi, frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt sem dagsett er 20. nóvember 2003 (tilvísun G-ums 07/03) en þar segir m.a. eftirfarandi um þetta atriði.

"Mishá skatthlutföll veltuskatta eru ætíð til þess fallin að gera skattframkvæmd flóknari og ómarkvissari en ella væri. Þótt ekki sé lögð til fjölgun skattþrepa má engu síður gera ráð fyrir að áhrif breytingar skatthlutfallsins á skattframkvæmd yrðu nokkur. Mismunandi skatthlutföll skapa hættu á að seljendur felli vörur sínar undir rangt skatthlutfall, af vangá eða af ráðnum hug. Því meiri sem munur skatthlutfalla er, þeim mun alvarlegri verða afleiðingar rangrar flokkunar og jafnframt skapast ríkari tilhneiging og hvati til vísvitandi rangrar flokkunar. Það má því gera ráð fyrir að það að auka mismun á almenna skatthlutfallinu og sérstaka skatthlutfallinu úr rúmlega 10% í rúmlega 17% muni auka verulega tilraunir til að skrá sölu á vörum og þjónustu með öðrum hætti en vera ber. Tekjutap ríkissjóðs af þessum sökum kynni að vera talsvert til viðbótar því tekjutapi sem með eðlilegum hætti leiddi af lækkun skatthlutfallsins.


Eftirlit með skattsvikum af þessum toga er mjög erfitt og mannfrekt m.a. með tilliti til þess að vörusala er í vaxandi mæli blönduð vörum í lægra og hærra þrepinu svo sem í stórmörkuðunum en einnig á öðrum vettvangi svo sem bensínstöðvum og sjoppum."

Ríkisskattstjóri minnir á að lækkun skatthlutfallsins úr 14% í 7% myndi leiða til þess að breyta þyrfti endurgreiðsluhlutfalli í 4. gr. reglugerðar nr. 554/1993, um

virðisaukaskattsskylda sölu á vörum til mannelis o.fl. og endurskoða þyrfti reglugerð nr. 484/1992, um endurgreiðslu virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns.

Í frumvarpinu er lagt til að breytingin öðlist þegar gildi. Ríkisskattstjóri sér ástæðu til að benda á að það getur valdið bæði seljendum varnings og þjónustu, sem breytingunni er ætlað að taka til, og skattyfirvöldum vandkvæðum taki umrædd breyting gildi innan almenns uppgjörstímabils virðisaukaskatts. Æskilegra er að breytingar af þessum toga taki gildi á tímamörkum almennra uppgjörstímabila skattsins, þ.e. 1. janúar, 1. mars, 1. maí, 1. júlí. 1. september eða 1. nóvember.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra


Sigrún Högnason


Guðrún Þorleifsdóttir